



# Umhverfisstefna HSV

---

HSV leitast við að hafa umhverfissjónarmið að leiðarljósi í allri sinni starfsemi. Aðildarfélög HSV eru hvött til að taka mið af umhverfissjónarmiðum í sínu íþróttastarfi og samþætta umhverfishugsun inn í dagleg störf, enda þarf starf félaganna að fara fram í sátt við náttúruna og nánasta umhverfi.

## Umhverfisstefna HSV felur það í sér að:

- Íþróttamót, ráðstefnur og fundir fari fram á eins umhverfisvænan hátt og kostur er. Tekið er mið af umhverfissjónarmiðum ekki síður en félagslegum þáttum þegar staðsetning funda og viðburða er ákvörðuð.
- Stuðla að því að setja upp sorpflokkun þar sem starfsemi félaganna fer fram. Flokka allan úrgang eins vel og hægt er og auðvelda endurvinnslumöguleika úrgangs sem til fellur.
- Félagsmenn tileinki sér almenningsamgöngur þegar þess er kostur og kjósi frekar umhverfisvænan og heilsusamlegan ferðamáta á borð við að hjóla eða ganga þegar slíkt er hægt.
- Hvetja félagsmenn til að samnýta bíla í ferðum á íþróttæfingar og aðra viðburði.
- Aðildarfélög leggi sig fram við að auka umhverfisvitund félagsmanna sinna, meðal annars með aukinni útivist og tómstundaiðkun í náttúrunni.
- Hvetja félagsmenn til að nýta matvæli og efni á hagkvæman máta og draga þannig úr soun.
- Velja frekar umhverfisvænar rekstrarvörur þegar þær standa til boða og velja frekar endurvinnanlegan varning ef um einnota vörur er að ræða.
- Hvetja til umhverfissparandi aðgerða í rekstri á skrifstofum, svo sem með því að spara pappír og slökkva á ljósum og raftækjum þegar þau eru ekki í notkun.